

Til Viðskiptanefndar Alþingis

**Umsögn um
frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1999 um greiðslu
kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
(135. þing, 95. mál)**

Reykjavík 16. nóvember 2007

Varðar: Eftirlitsgjald sem lagt er á fengin endurtryggingaiðgjöld og eftirlitssgjald á dótturfélög og

Tryggingamiðstöðin hf. (TM) vill með bréfi þessu gera tvær athugasemdir við frumvarpið er sérstaklega varða þetta félag og dótturfélög þess. Athugasemdirnar lúta að eftirlitsgjaldi sem lagt er á fengin endurtryggingaiðgjöld og eftirlitssgjaldi á dótturfélög.

Félagið mun auk þessa vætanlega standa að athugasemdum í framhaldi af sameiginlegu starfi váttryggingafélaga og fjármálafyrirtækja um ýmsa þætti opinbers eftirlits með starfsemi þeirra.

1. Fengin endurtryggingaiðgjöld

Í 3. gr. er lögð til sú breyting á 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, að öll bókfærð iðgjöld verði lögð að jöfnu í gjaldstofni. Þessi breyting væri afleit. Sagt er í greinargerð að hún sé til einföldunar, en ákvæðið er ekki flókið fyrir, svo einföldunin er óveruleg.

Rökin fyrir því að reikna lægra eftirlitsgjald af fengnum endurtryggingaiðgjöldum hafa verið þau, að búið er að greiða eftirlitsgjald af frumtryggingunni og ekki rétt að leggja eftirlitsgjald af fullum þunga aftur á tryggingu á sömu áhættunni. Vernd váttryggingataka og váttryggðra er einkum á frumtryggingastigi. Endurtryggingastarfsemin kann þó að kalla á eitthvert eftirlit og því hefur vætanlega verið talið rétt að leggja á hana nokkurt gjald.

Í greinargerð eru þau rök færð fyrir því að hætta að reikna lægra hlutfall af fengnum endurtryggingaiðgjöldum, að starfsemi íslenskra váttryggingafélaga í endurtryggingum sé nú hverfandi lítil og sérstaks álagningarstofns því ekki lengur þörf. Ályktunin er röng. Íslensk váttryggingafélög hafa vissulega verið með óverulega starfsemi í endurtryggingum um hríð, en það kann að breytast aftur.

Á þessu ári hefur Tryggingamiðstöðin tekið að sér endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög í Noregi. Endurtryggingaiðgjöldin eru umtalsverð, vætanlega um 500 Mkr á árinu 2007. Eftirlitsgjald af þeim hefði verið 365 þús. kr. eftir gildandi reglum á



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Þessu ári, en yrði á næsta ári 2.250 þús. næði frumvarpið fram að ganga óbreytt, þ.e. um sexfalt gjald skv. gildandi ákvæðum.

Því er lagt til að 2. tölul. 5. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins verði:

2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,425% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,073% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

Tekið skal fram, að með þessari breytingatillögu er Tryggingamiðstöðin ekki að taka afstöðu til þess hlutfalls af frumtryggingaiðgjöldum sem lagt verður á og heldur ekki til lágmarksgjaldsins, eingöngu er verið að leggja til að fengin endurtryggingaiðgjöld verði áfram sérstakur gjaldstofn eins og verið hefur.

2. Lágmarksgjald dótturfélaga

Í frumvarpinu er lagt til að 3. mgr. 5. gr. laganna verði óbreytt. Þar kveður á um að dótturfélag greiði 1/5 hluta venjulegs eftirlitsgjalds, enda eigi móðurfélagið að minnsta kosti 9/10 eignarhlut og hafi heimild til sömu starfsemi. Þessi afsláttur gildir ekki um lágmarkseftirlitsgjald, kr. 600.000.- í tilviki vátryggingafélaga.

Tryggingamiðstöðin á dótturfélagið Tryggingu hf., sem uppfyllir þessi skilyrði nema hvað Trygging hf. tekur ekki lengur við iðgjöldum og greiðir því lágmarksgjald. Félagið hefur ekki starfsmann en er alfarið rekið af TM. Fyrirhöfn við eftirlit með Tryggingu hf. getur varla verið í samræmi við það eftirlitsgjald sem innheimt er, heldur væri eðlilegt að veita afslátt af lágmarksgjaldinu með sama hætti og afsláttur er veittur til stærri dótturfélaga.

Því er lagt til að lokamálsliður 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 3. gr. frv., falli brott.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar um þessi atriði ef óskað er.

Virðingarfyllst

Helgi Þórsson
helgith@tm.is